

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2018
UST201801-328/B.S.
10.05.08

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Tjarnavirkjun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 26. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða 1. MW vatnsaflsvirkjun í landi Tjarna og tveggja annarra jarða innarlega í Eyjafjarðarsveit. Helstu mannvirki eru 2-4 m há stífla sem verður um 100 m breið. Ofan stíflunnar verður 1 ha inntakslón. Fiskivegur verður gerður við inntak og tryggt að fiskar komist ekki inn í virkjunina. Aðrennslispípan verður um 1.400 m að lengd og stöðvarhúsið verður um 100 m² að grunnfleti og hæð þess verður allt að 6,5 m. Efni verður tekið úr opinni námu á svæðinu.


Framkvæmdasvæðið er að mestu gömul tún og beitiland en einnig eru melhólar á svæðinu. Mýrlendi verður raskað á stuttum kafla. Að mati fiskifræðings mun minnkað rennsli neðan stíflu fremur gagnast lífríki árinna heldur en hitt.


Umhverfisstofnun telur að þar sem hér er um að ræða fremur litla framkvæmd í byggð munu mannvirkin ekki stinga verulega í stúf við önnur mannvirki á svæðinu. Land sem verður raskað er að mestu land sem ber merki landbúnaðar. Talið er að lífríki árinna muni ekki skaðast við framkvæmdina.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Stofnunin telur að endurheimta eigi votlendi í stað þess sem raskað verður og að góður frágangur og uppgræðsla muni draga enn frekar úr sjónrænum áhrifum mannvirkjanna.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri